

Egilsstöðum 7.5.2019

Umsögn um „Frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða“ 778 mál

2 kafli

6 og 7 gr.

Ekki er rétt að veita ráðherra vald til að friðlýsa eða stækka þjóðgarð með reglugerð. Því er betur fyrir komið með lagasetningu.

4 kafli

28 gr.

Tekur skipulagsvald af sveitarfélögum sem þau hafa samkvæmt skipulagslögum. Samkvæmt þeim þurfa sveitarfélögin að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir öllu sem gert er innan þjóðgarða og þetta fyrirkomulag getur leitt til pattstöðu ef ekki er samkomulag um mál.

Þjóðgarðastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmdum innan þjóðgarðs samkvæmt 3ju málsgrein. Það er hlutverk byggingafulltrúa sveitarfélaga samkvæmt mannvirkjalögum og á ábyrgð sveitarfélaga.

30 gr.

Að ekki megi lenda loftfari innan þjóðgarðs án leyfis þjóðgarðsvarðar.

Á Íslandi eru í gildi lög um loftferðir og sér ISAVIA um að framfylgja þeim ásamt samgöngustofu. Þeirra hlutverk meðal annars er að halda skrá yfir lendingarstaði og fylgjast með og stjórna flugumferð í íslenska flugstjórnarrýminu. Það er ekki ástæða til að hafa tvö lög í landinu hvað þá fleiri aðila til að stjórna flugumferð og ætti því þetta ákvæði skilyrðislaust að falla út, enda hefur þjóðgarðsvörður enga möguleika á að hafa samskipti við loftfar undir venjulegum kringumstæðum

33 gr.

Síðasta málsgrein tegir sig enn og aftur freklega inn á eignarrétt og skipulagsvald sveitarfélaga.

42 gr.

Opnað er á að þjóðgarðar verði nokkurskonar ríki í ríkinu með eigin fjárhag og skattstofna og að því er virðist nánast sérlögum um allt.

43 gr.

Með því að fella úr gildi lög nr. 47/2004 og lög nr. 60/2007 er komið aftan að þeim aðilum sem veittu heimild fyrir stofnun þjóðgarðanna á sínum tíma með þeim skilyrðum sem þá voru sett en er með þessu verið að breyta.

Ekki verður séð hver þörfin á stofnun þjóðgarðastofnunnar er þar sem Umhverfisstofnun fer nú þegar með flest þau mál sem eiga að falla undir hina nýju stofnun. Nær væri og örugglega kostnaðarminna að styrkja Umhverfisstofnun heldur en að búa til enn eina ríkisstofnunina með tilheyrandi kostnaði.

Eins bera þessi lagadrög skír merki ofstjórnunnar sem virðist vera að verða landlægur ósiður í íslenskrí stjórnsýslu. Það er engin trygging fyrir betri stjórnunn eða meiri árangri að hlaða hverri silkihúfunni ofan á aðra. Því leggst undirritaður alfarið gegn öllum hugmyndum um þjóðgarðastofnunn

Þórhallur Borgarsson